

Alþingi
Erindi nr. P 135/2345
komudagur 25.4.2008

Samgönguráðuneytið

Minnisblað

Viðtakandi: **Samgöngunefnd Alþingis**
Sendandi: **Samgönguráðuneyti**
Dagsetning: **23.04.2008**
Málsnúmer: **SAM07100014**
Bréfalykill: **361**

Efni: Frumvarp til br. á lögum 76/2001 um áhafnir íslenskra farþega- og flutningaskipa.

Með lögum nr. 30/2007 um áhafnir íslenskra fiskiskipa, varðskipa, skemmtibáta og annarra skipa var Siglingastofnun Íslands falin útgáfa atvinnuskírteina til skipstjórnar og vélstjórnar, en áður voru íslensk skírteini gefin út af sýslumönnum og tollstjórum í samræmi við ákvæði eldri laga um atvinnuréttindi skipstjórnar og vélstjórnarmanna en þau lög voru felld úr gildi með lögum nr. 30/2007.

Í lögum um áhafnir farþegaskipa og flutningaskipa, nr. 76/2001 er að finna ákvæði sem mælir fyrir um að íslensk skírteini skulu gefin út af sýslumönnum og tollstjórum, sbr. 1. mgr. 4. gr. laganna.

Í ljósi þess að eldri lög um atvinnuréttindi skipstjórnarmanna og vélstjórnarmanna hafa verið felld úr gildi, eru ekki lengur „íslensk“ atvinnuskírteini gefin út á grundvelli áhafnalaga um farþegaskip og flutningaskip. Skírteininu eru alþjóðleg, byggð á alþjóðasamþykkt (STCW) og fer útgáfan fram hjá Siglingastofnun Íslands, sbr. 3. másl. 1. mgr. 4. gr. laganna.

Þegar fyrirkomulagi skírteinaútgáfu var breytt með lögum nr. 30/2007, um áhafnir íslenskra fiskiskipa, varðskipa, skemmtibáta og annarra skipa, láðist að fella úr gildi, líkt og gert var með eldri lögum um atvinnuréttindi skipstjórnar og vélstjórnarmann, ákvæði í lögum um farþega- og flutningaskip er mælir fyrir um að íslensk skírteini skulu gefin út af sýslumönnum og tollstjórum.

Í ljósi alls framangreinds er því lagt til að 1. og 2. másl. 1. mgr. 4. gr. laganna verði felldir á brott, enda eru íslensk skírteini ekki lengur gefin út, auk þess sem Siglingastofnun Íslands fer með skírteinaútgáfu samkvæmt lögunum.